

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnu við fiskveiðar (alþjóðlegar skuldbindingar).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert Ólafsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Nefndinni barst umsögn frá Margréti Þ. Jónsdóttur hjúkrunarfræðingi.

Frumvarpinu er ætlað að mæta kröfum 188. samþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (e. International Labour Organisation – ILO) um vinnu við fiskveiðar (ILO 188), með það að markmiði að Ísland verði í kjölfar þeirra lagabreytinga sem eru lagðar til tilbúið til að fullgilda samþykktina. Kröfur samþykktarinnar þar að lútandi snúa að banni við næturvinnu ungmenna, skyldu einkarekinna fyrirtækja sem sinna skráningar- og ráðningarþjónustu til að starfa eftir stöðluðu kerfi og kröfu um framvísun heilbrigðisvottorðs til að fiskimönnum sé heimilt að starfa á fiskiskipi.

Heilbrigðisvottorð vegna starfa á fiskiskipum.

Við meðferð málsins fór nefndin yfir þær breyttu kröfur sem gerðar eru með frumvarpinu til útgáfu heilbrigðisvottorða vegna starfa á fiskiskipum. Sú krafa að við tiltekna aðstæður leggi fiskimenn, aðrir en vél- og skipstjórnarmenn, fram heilbrigðisvottorð til staðfestingar fullnægjandi heilsufari er nýmæli. Starfi fiskimaður á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd eða lengra eða er að jafnaði á sjó í þrjá daga eða lengur skal gildistími heilbrigðisvottorðs vera að hámarki tvö ár en eitt ár ef fiskimaður er yngri en 18 ára. Gildistími heilbrigðisvottorða vél- og skipstjórnarmanna er með því stytur úr fimm árum í tvö, sbr. 2. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins. Nefndin áréttar í þessu samhengi að kröfu um heilbrigðisvottorð er ætlað að tryggja öryggi og heilbrigði fiskimanna og almenna hagsmuni fiskimanna sem og annarra sjómanna og útgerða.

Á fundum nefndarinnar var einnig fjallað um afhendingu heilbrigðisvottorða með hliðsjón af sjónarmiðum um persónuvernd. Vél- og skipstjórnarmenn leggja fram slík vottorð til Samgöngustofu í tengslum við útgáfu skírteina til þeirra en með breytingunni verður fiskimönnum gert að afhenda vinnuveitendum slík vottorð. Nefndin áréttar að upplýsingar um heilsufar einstaklinga teljast viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. skilgreiningu í b-lið 3. tölul. 3. gr. laganna, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun. Þar sem um vinnslu slíkra upplýsinga fer eftir persónuverndarlögum telur nefndin ekki ástæðu til að bæta sérstöku ákvæði þar að lútandi við frumvarpið en bendir á að færa megi slíkt ákvæði í reglugerð sem ráðherra er gert að setja á grundvelli hinnar nýju lagageinar.

Fyrir nefndinni kom jafnframt fram það sjónarmið að sú breyting sem lögð er til með kröfu um framlagningu heilbrigðisvottorða og styttingu gildistíma leiði af sér margföldun

á heilbrigðisskoðunum sjómanna og því væri full ástæða til að gera þá breytingu að auk lækna verði hjúkrunarfræðingar taldir bærir til að framkvæma slíkar skoðanir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið muni taka ábendinguna til skoðunar í samráði við heilbrigðisráðuneytið þegar unnið verður að frekari innleiðingu ákvæða samþykktarinnar með stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin tekur undir það sjónarmið að kannað verði hvort veita skuli víðtækari heimild innan heilbrigðisstéttarinnar til að framkvæma slíkar skoðanir, þannig að fleirum en læknum verði heimilt að gera þær og hvort slík heimild kalli á breytingar á kröfum til menntunar.

Hugtakið fiskimaður.

Með frumvarpinu er til samræmis við alþjóðasamþykktina lagt til að bæta orðskýringu á hugtakinu „fiskimaður“ við lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Nefndin bendir á að í 3. gr. frumvarpsins eru hins vegar notuð orðin „skipverjar“ og „sjómenn“ þar sem hugtakið „fiskimaður“ er notað í samþykktinni. Þá er í lokamálgrein 4. gr. örðugt að sjá hvaða munur er gerður á hugtökunum „fiskimaður“ og „skipverji“. Nefndin telur mikilvægt að gætt sé samræmis í hugtakanotkun verði skilgreining hugtaksins „fiskimaður“ lögfest þar sem um er að ræða hugtak sem á byggist réttur og lagðar eru á skyldur samkvæmt lögnum með vísan til alþjóðasamþykktar. Nefndin áréttar jafnframt mikilvægi þess að ekki aðeins sé gætt samræmis í hugtakanotkun innan sjálfra laganna heldur einnig innan lagabálka. Nefndin leggur því til með vísan til framangreinds að orðið „fiskimaður“ komi í stað orðanna „skipverjar“ og „sjómenn“ sem og að gerð sé smávægileg breyting á orðalagi efnismálgreinar 2. gr. sem þýdd er úr alþjóðasamþykktinni.

Að lokum leggur nefndin til nokkrar orðalagsbreytingar til leiðréttingar og skýringar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Efnismálgrein 2. gr. orðist svo:

Fiskimaður er hver sá sem starfar eða er ráðinn til vinnu á fiskiskipi, þ.m.t. þeir sem eru ráðnir upp á aflahlut. Hafnsögumenn, löggæsluaðilar, aðrir aðilar í fastri þjónustu hins opinbera, starfsmenn í landi sem sinna störfum um borð í fiskiskipum eða eftirlitsmenn með fiskveiðum teljast ekki vera fiskimenn.
2. Við 3. gr.
 - a. 2. efnismgr. orðist svo:

Skráningar- og ráðningarþjónusta skal vera skilvirk, fullnægjandi, áreiðanleg, fiskimönnum að kostnaðarlausu og til þess fallin að auðvelda fiskimönnum að ráða sig í skipsrúm.
 - b. Í stað orðsins „skipverja“ í 3. efnismgr. komi: fiskimanna.
 - c. Í stað orðanna „skipverja á fiskiskipum“ í 4. efnismgr. komi: fiskimanna.
3. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „Ef skipverji er undir 18 ára aldri“ í 2. másl. 2. efnismgr. komi: Ef fiskimaður er yngri en 18 ára.
 - b. Í stað orðanna „skal það þó halda“ í 3. másl. 2. efnismgr. komi: heldur það þó.
 - c. Í stað orðanna „skipverjar“ í 3. efnismgr. komi: fiskimenn.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnu við fiskveiðar.**

Ari Trausti Guðmundsson og Vilhjálmur Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifa undir álitid í samræmi við 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis. Björn Leví Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álit þessu.

Alþingi, 10. desember 2019.

Bergþór Ólason,
form.

Ari Trausti Guðmundsson,
frsm.

Guðjón S. Brjánsón.

Hanna Katrín Friðriksson.

Jón Gunnarsson.

Karl Gauti Hjaltason.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Orri Páll Jóhannsson.

Vilhjálmur Árnason.